



Borgarráð

Reykjavík, 4. maí 2026
MSS25070028

Skil starfshóps samvinnuettvangs til höfuðs misnotkunar vinnuafls

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi tillögur starfshóps samvinnuettvangs til höfuðs misnotkunar vinnuafls:

1. Að áfram verði byggt á samstarfi Reykjavíkurborgar og ASÍ með áherslu á skilvirkt og formlegt upplýsingaflæði milli aðila,
2. Að komið verði á og viðhaldið sameiginlegum samskiptapunktum (pósthólfum) hjá báðum aðilum til að tryggja samfellu og rekjanleika í samskiptum,
3. Að unnið verði áfram að því að bæta yfirsýn yfir helstu verkefni og samningsaðila Reykjavíkurborgar, eftir því sem við á, til að styðja við eftirlit,
4. Að verklag um viðbrögð við ábendingum og mögulegum brotum verði skýrt og samræmt.

Lagt er til að vísa eftirfylgni tillagnanna til skrifstofu fjármálaþjónustu- og ráðgjafar og útboðsteymis umhverfis- og skipulagssviðs, sbr. aðgerðaáætlun innkaupastefnu Reykjavíkur 2026.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar þann 1. október 2024 var samþykkt að koma á fót samráðs- og samvinnuettvangi með verkalyðshreyfingunni með það að markmiði að sporna gegn misnotkun vinnuafls hjá fyrirtækjum sem Reykjavíkurborg kaupir þjónustu af, undirverktökum þeirra og öðrum aðilum í virðiskeðju þeirra. Þann 8. júlí 2025 skipaði borgarstjóri starfshóp um samráðs- og samvinnuettvang til að sporna gegn misnotkun vinnuafls. Hlutverk starfshópsins samkvæmt erindisbréfi var að tryggja reglubundið samtal og upplýsingaskipti milli Reykjavíkurborgar og Alþýðusambands Íslands með það að markmiði að bæta eftirlit með vinnuréttarlegum kjörum launafólks í viðskiptum borgarinnar. Helstu álitamál sem komu til umræðu í starfi hópsins voru áhættusvæði í tilteknum atvinnugreinum, takmörkum yfirsýn yfir undirverktakakveður, upplýsingaflæði og samskiptaleiðir, beiting heimilda í opinberum innkaupum og samstarf við eftirlitsaðila.

Fram kemur í niðurstöðukafla skýrslunnar að reynsla af starfi hópsins bendir til þess að meginvirði samstarfsins felist í skilvirku upplýsingaflæði milli aðila fremur en í reglubundnum fundum. Á starfstímanum komu ekki upp mál sem kröfðust tafarlausra viðbragða. Hins vegar varpaði samstarfið ljósi á ákveðin atriði sem mikilvægt er að vinna frekar með, einkum hvað varðar yfirsýn yfir verkefni og undirverktaka, sem og skýrara verklag við miðlun og úrvinnslu upplýsinga.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

1. Skýrsla starfshóps dags. 1. maí 2026
2. Fundargerðir starfshóps 2025-2026
3. Erindisbréf_Starfshópur samvinnuettvangs til höfuðs misnotkunar vinnuafls dags. 8. júlí 2025



Reykjavík



Skýrsla starfshóps samvinnuvettvangs til höfuðs misnotkunar vinnuafls

1. maí 2026



Skýrsla starfshóps um samráðs- og samvinnuvettvang til að sporna gegn misnotkun vinnuafls

MSS25070028

Inngangur

Á fundi borgarstjórnar þann 1. október 2024 var samþykkt að koma á fót samráðs- og samvinnuvettvangi með verkalyðshreyfingunni með það að markmiði að sporna gegn misnotkun vinnuafls hjá fyrirtækjum sem Reykjavíkurborg kaupir þjónustu af, undirverktökum þeirra og öðrum aðilum í virðiskeðju þeirra.

Fyrir lágu umsagnir mannauðs- og starfsumhverfissviðs, dags. 25. nóvember 2024, og innkaupa- og framkvæmdaráðs, dags. 22. maí 2025, þar sem fjallað er um tillögu borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um stofnun slíks vettvangs.

Starfshópurinn skipuðu:

- Halla Björg Evans, lögfræðingur, Reykjavíkurborg, formaður
- Guðni Guðmundsson, skrifstofustjóri, Reykjavíkurborg
- Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfræðingur, ASÍ
- Kristjana Fenger, lögfræðingur og verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits, ASÍ

Hlutverk hópsins var að tryggja reglubundið samtal og upplýsingaskipti milli Reykjavíkurborgar og Alþýðusambands Íslands með það að markmiði að bæta eftirlit með vinnuréttarlegum kjörum launafólks í viðskiptum borgarinnar. Þá var einnig stefnt að því að efla samningseftirlit og kanna möguleika á samstarfi um vinnustaðaeftirlit.

Samkvæmt erindisbréfi skyldi starfshópurinn skila skýrslu eigi síðar en 1. maí 2026.

Upplýsingar um starfið

Starfshópurinn hefur starfað í samræmi við erindisbréf sitt og hist reglulega á starfstímanum, að jafnaði ársfjórðungslega.

Á fundum hópsins hafa fulltrúar Reykjavíkurborgar og ASÍ miðlað upplýsingum eftir því sem tilefni hefur verið til og rætt stöðu mála á vinnumarkaði með hliðsjón af viðskiptum borgarinnar. Þá hefur verið unnið að því að móta verklag um upplýsingaskipti og viðbrögð við mögulegum ábendingum.



Á starfstímanum komu ekki upp mál sem kröfðust tafarlausra eða formlegra viðbragða af hálfu hópsins. Þrátt fyrir það hafa umræður og upplýsingaskipti varpað ljósi á ákveðin áhættusvæði og tækifæri til umbóta í verklagi.

Helstu álitamál

Helstu álitamál sem komu til umræðu í starfi hópsins voru eftirfarandi:

Áhættusvæði í tilteknum atvinnugreinum

Þrátt fyrir að engin alvarleg mál hafi komið upp komu fram vísbendingar um mögulega áhættu í tilteknum greinum, einkum í ræstingum og á mannvirkjamaarkaði. Þar var m.a. rætt um grun um gerviverktöku og stöðu erlends vinnuafis.

Takmörkuð yfirsýn yfir undirverktakakeðjur

Umræður leiddu í ljós að þörf er á betri yfirsýn yfir uppbyggingu og umfang undirverktakakeðja í verkefnum Reykjavíkurborgar. Slík yfirsýn er mikilvæg forsenda skilvirks eftirlits.

Upplýsingaflæði og samskiptaleiðir

Áhersla var lögð á mikilvægi skýrra og formlegra samskiptaleiða. Samkomulag náðist um að byggja upplýsingaskipti að meginsteftu á formlegum tölvupóstamskiptum milli aðila fremur en skipulögðum fundum. Mikilvægt er að tölvupóstfang hjá báðum aðilum sé almennt en ekki persónubundið en að sama skapi sé ákveðnir aðilar gerðir ábyrgir fyrir samskiptunum.

Beiting heimilda í opinberum innkaupum

Rætt var um heimildir til að útiloka bjóðendur frá opinberum innkaupum vegna brota á vinnurétti eða kjarasamningum, sbr. 68. gr. laga um opinber innkaup, og þörf á skýrara verklagi og samræmingu í beitingu þeirra heimilda.

Samstarf við eftirlitsaðila

Fram kom að mikilvægt er að efla samstarf við eftirlitsaðila, svo sem Vinnueftirlitið, meðal annars í tengslum við framfylgd viðurlaga og samræmda upplýsingagjöf.

Niðurstaða og tillögur

Starfshópurinn hefur starfað í samræmi við erindisbréf sitt og fundað reglulega á starfstímanum. Samstarf Reykjavíkurborgar og Alþýðusamband Íslands hefur verið gott og einkennst af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmum vilja til að miðla upplýsingum og bregðast við ábendingum eftir því sem við á.





Reynsla af starfi hópsins bendir til þess að meginvirði samstarfsins felist í skilvirku upplýsingaflæði milli aðila fremur en í reglubundnum fundum. Samkomulag hefur náðst um að byggja samskipti að meginstefnu á formlegum tölvupóstsamskiptum milli aðila, með möguleika á fundum þegar tilefni gefst.

Á starfstímanum komu ekki upp mál sem kröfðust tafarlausra viðbragða. Hins vegar varpaði samstarfið ljósi á ákveðin atriði sem mikilvægt er að vinna frekar með, einkum hvað varðar yfirsýn yfir verkefni og undirverktaka, sem og skýrara verklag við miðlun og úrvinnslu upplýsinga.

Með hliðsjón af framangreindu leggur starfshópurinn til:

- að áfram verði byggt á samstarfi Reykjavíkurborgar og ASÍ með áherslu á skilvirkt og formlegt upplýsingaflæði milli aðila,
- að komið verði á og viðhaldið sameiginlegum samskiptapunktum (pósthólfum) hjá báðum aðilum til að tryggja samfellu og rekjanleika í samskiptum,
- að unnið verði áfram að því að bæta yfirsýn yfir helstu verkefni og samningsaðila Reykjavíkurborgar, eftir því sem við á, til að styðja við eftirlit,
- og að verklag um viðbrögð við ábendingum og mögulegum brotum verði skýrt og samræmt.

Lokaorð

Að mati starfshópsins hefur samstarfið skapað gagnlegan vettvang fyrir upplýsingaskipti og samræmingu sjónarmiða. Mikilvægt er að halda áfram að þróa samstarfið með áherslu á einfalt og skilvirkt verklag sem styður við markmið um ábyrga innkaupastarfsemi og bætt eftirlit.





Fundargerðir starfshóps samvinnuvettvangs til höfuðs misnotkunar vinnuafls

MSS25070028

4. Fundur starfshóps haldin hjá Reykjavíkurborg, Borgartúni 12-14, þann 28. apríl. 2026. kl. 13.30 – 14.30 og rafrænt á teams.

Viðstaddir: Halla Björg Evans og Guðni Guðmundsson frá Reykjavíkurborg og Karen Ósk Nielsen og Kristjana Fenger frá ASÍ.

Dagskrá:

- Skýrsla til ábyrgðaraðila – drög/yfirferð
- Staðan hjá ASÍ
- Annað

Umfjöllun:

- Starfsmenn ASÍ lásu yfir og komu með örlítið breytingartillögur. Aðilar samþykktir skýrslunni að öðru leyti.
- Engin akút mál en verið að vinna að úttekt í samræmi við vinnu stjórnvalda um keðjuábyrgð (útvikkun). ASÍ skoðar í framhaldinu og heldur Reykjavíkurborg upplýstum.
- Notast skal við netfangið: vinnustadaeftirlit@asi.is fyrir ASÍ. Reykjavíkurborg mun leggja til netfangið faslog@reykjavik.is fyrir Reykjavíkurborg.

Eftirfarandi var ákveðið:	Ábyrgð	Lokið fyrir
Skýrsla starfshóps til ábyrgðaraðila	Reykjavíkurborg	1. maí 2026

3. Fundur starfshóps haldin hjá Reykjavíkurborg, Borgartúni 12-14, þann 23. febrúar. 2026. kl. 10.30 – 11.05

Viðstaddir: Halla Björg Evans og Guðni Guðmundsson frá Reykjavíkurborg og Kristjana Fenger frá ASÍ.

Dagskrá:

- Fyrirspurn um Veraldavini frá ASÍ
- Staðan hjá ASÍ
- Annað

Umfjöllun:



1. Reykjavíkurborg mun tengja rétta aðila innan borgarinnar vegna fyrirspurnar frá Veraldavini.
2. Engin mál að svo stöddu frá ASÍ. Búið að ræða við helstu fulltrúa
Engin mál að svo stöddu vegna ræstingamála.
3. 68. gr. – heimild að hafna vegna m.a. brota á kjarasamningi. Reykjavíkurborg mun taka saman samantekt og senda ASÍ
Síða um USK verkefni var deilt áfram innan ASÍ
Átak á mannvirkjamarkaði – vinnustaðaskírteini, iðnmenntun, kortleggja hversu langar keðjurnar eru, undir – og aðalverktakar.
Vinnueftirlitið komið í samstarf um að framfylgja dagsektum.

Eftirfarandi var ákveðið:	Ábyrgð	Lokið fyrir
Sendu yfirlit v. iClean – kanna frá NÓV	ASÍ	6. mars 2026
68. gr. – samantekt	Reykjavíkurborg	6. mars 2026
15. apríl lokafundur – RVK sendir viku fyrr drög að skýrsla	Reykjavíkurborg	8. apríl 2026

2. Fundur starfshóps haldinn hjá Reykjavíkurborg, Borgartúni 12-14, þann 11. nóvember. 2025. kl. 14.00 – 15.00

Viðstaddir: Halla Björg Evans og Guðni Guðmundsson frá Reykjavíkurborg, Karen Ósk Nielsen og Kristjana Fenger frá ASÍ.

Dagskrá:

7. Staðan hjá ASÍ og ferli milli stéttarféлага
8. Samtal / Stöðutaka / Slípun verklags sbr. verklaga fundar
9. Annað

**Verklag fundar verður með eftirfarandi hætti: nýtir til samtals, stöðutaks og til að slípa verklagið. Möguleiki á að ræða önnur mál s.s. minni aðkallandi.*

**Verklag verkefnis að senda mál í tölvupósti, alltaf hægt að fylgja eftir með símtali og taka svo teams fundi eftir því sem við á, á milli funda.*

Umfjöllun:

1. Fulltrúar ASÍ fór yfir stöðuna. Búið að kynna fyrir stærstu félögunum. Lokahnykkur um að kynna fyrir öllum 21. nóv. En stóru verkafélagsfélögin vita af þessu.
Óska eftir ábendingum með greinargerð. Gert með formlegum hætti.
 - Engin akút mál.
 - Vilja leggja áherslu ræstingarmál – grunur um gerviverktöku (**ábending**)



Reykjavíkurborg

- Skoðun á gerviverktöku hjá Iclean
- Hafa komið fram en þorir ekki í kjaramál
- Leitað til Eflingar (getum fengið yfirlit)
- Umtalaðir í pólska samfélaginu
- Uppmælingaraðilar ekki til á Íslandi (t.d. til DK)
- Vilja fá lista yfir stærstu verkefni hjá Reykjavíkurborg (Guðni metur fjölda – 10-20) staðsetning og verktaki (aðal). Listinn fer ekki til dreifingar og er fyrir Kristjönu og eftirlitsdeild ASÍ.
 - Framkvæmdir í Reykjavík síða – dugar kannski.
 - ef vantar frekari upplýsingar þá hefur ASÍ samband
- Eins og staðan er núna, þá vilja aðilar hópsins að niðurstaðan verði að samskiptin verði í tölvupóstur milli aðila og hægt að kalla eftir fundi ef hægt.
- Mikilvægt að hafa pósthólf í RKV sem lögfræðingur SFR og skrifstofustjóri framkvæmda USK hafa aðgang að og ASÍ nýti vinnuréttarpósthólf sitt á móti. Ekki skrá á persónulegt netfang (til framtíðar).

Eftirfarandi var ákveðið:	Ábyrgð	Lokið fyrir
Sendu yfirlit v. iClean	ASÍ	21.11.2025

1. Fundur starfshóps haldinn hjá Reykjavíkurborg, Borgartúni 12-14, þann 16. sept. 2025.
kl. 13.30-14.30

Viðstaddir: Halla Björg Evans frá Reykjavíkurborg, Karen Ósk Nielsen frá ASÍ og Kristjana Fenger frá ASÍ.

Fundarefni/dagskrá:

Dagskrá upphafsfundar:

1. Kynning á meðlimum starfshópsins
2. Skilgreining verkefnis / yfirferð erindisbréfs
3. Umræða og staðfesting á hlutverkjum, ábyrgð og væntingum
4. Umræða um notkun á sameignarsvæðum (teams / tölvupóstur)
5. Yfirferð og umræða um verkáætlun
6. Fara yfir fundaráætlun:
 - a. Dagsetningar upplýsingaskiptafunda
15. október – 1. upplýsingaskiptafundur
15. janúar – 2. upplýsingaskiptafundur
15. apríl – 3. upplýsingaskiptafundur
(15. júlí? – 4. upplýsingaskiptafundur)
7. Fara yfir verklag fundar, tímasetningar fundar, staðsetning fundar (raunheimar/teams) og væntingar til funda
8. Dagsetning á skil á skýrslu starfshópsins



1. maí – skil á skýrslu um störf starfshópsins

9. Annað

Umfiöllun:

1. Fundargestir kynntu sig og sitt starfssvið.
2. Yfirferð á erindisbréfi
3. Farið yfir væntingar, upplýsingagjöf og samvinna. Ábyrgð hjá öllum aðilum hóps til að láta vinnuna ganga sem best.
4. Tekin var ákvörðun að notast við persónubundna tölvupóstfang hvers hópsaðila. Teams mögulega nýtt síðar ef þarf.
5. Yfirferð og umræður um verkefnið, hvernig væri best að skila gögnum, á hvaða formi. ASÍ skilar samantekt með forgangsröðun. Reykjavíkurborg móttækur og upplýsir um næstu skref í samantekt.
6. Fundaráætlun er
14. okt. 13.30
14. jan. 13.30
15. apr. 13.30
Samþykkt var að skipuleggja ekki frekari fundi fyrr en skil á skýrslu um störf starfshópsins sbr. lið 8.
7. Verklag fundar verður með eftirfarandi hætti: nýtir til samtals, stöðutöku og til að slípa verklagið. Möguleiki á að ræða önnur mál s.s. minna aðkallandi.
Tímasetning fundar verður 13.30 – 14.30
Staðsetning fundar verður hjá Reykjavíkurborg, Borgartúni
Verklag verkefnisins í heild er að senda mál í tölvupósti, alltaf hægt að fylgja eftir með símtali og taka svo teams fundi eftir því sem við á, á milli funda.
8. Farið yfir að skil á skýrslu um störf starfshópsins eru 1. maí.

Þar sem síðasti sameiginlegi fundur hópsins er 2 vikum fyrir skil, var ákveðið að drög að skýrslu skuli þó liggja fyrir til yfirlistar 30. mars fyrir hópinn og svo verður upplýsingum um síðasta fundinn bætt við fyrir skil. Allir aðilar hópsins ber að lesa yfir skýrsluna fyrir skil.
9. Ekki var frekar rætt.

Eftirfarandi var ákveðið:	Ábyrgð	Lokið fyrir
Boðun þriggja fundanna	Halla	17.9.
Uppfæra erindisbréf með nýjum USK aðila	Halla/Borgarráð	14.9



Reykjavík, 8. júlí 2025

MSS25070028

ERINDISBRÉF

Starfshópur samvinnuvettvangs til höfuðs misnotkunar vinnuafis

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar þann 1. október 2024 var samþykkt að koma á fót samráðs- og samvinnuvettvangi með verkalýðshreyfingunni til að vinna saman gegn því að brotið sé gegn starfsfólki þeirra fyrirtækja sem Reykjavíkurborg kaupir þjónustu af, undirverktaka þeirra eða annarra í virðis_keðjunni. Fyrir liggur umsögn mannauðs- og starfsumhverfissviðs dags. 25. nóv. 2024 um tillögu borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis sem lögð var fyrir borgarráð. Jafnframt liggur fyrir umsögn innkaupa- og framkvæmdaráðs um málið sem lögð var fyrir fund ráðsins 22. maí sl.

Hlutverk:

Að aðilar samráðs- og samvinnuvettvangsins eigi reglubundið samtal, miðli upplýsingum og eigi samvinnu sem stuðli að betra eftirliti með því að launafólk sé ekki hlunnfarið í viðskiptum Reykjavíkurborgar. Þannig fá bæði Reykjavíkurborg og verkalýðshreyfingin betri yfirsýn yfir möguleg vinnuréttar- og kjarasamningsbrot gagnvart launafólki á almennum markaði í samningnum Reykjavíkurborgar og geti þá brugðist tímanlega við með viðeigandi hætti. Einnig muni hópurinn vinna að betra samningseftirliti gegnum gagnkvæma upplýsingagjöf og mögulegt samstarf aðilanna um vinnustaðaeftirlit. Miðað er við að starfshópurinn fundi fjórum sinnum á ári.

Starfshópurinn skipa:

Halla Björg Evans, lögfræðingur, skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar, formaður

Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri á umhverfis- og skipulagssviði

Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfræðingur hjá ASÍ

Kristjana Fenger, verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits ASÍ

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn boði eftir þörfum starfsfólk Reykjavíkurborgar á fund sem og starfsfólki einstakra stéttarfélaganna sem semja á almennum markaði óháð því hvort þau séu aðilar ASÍ eða ekki. Fulltrúar starfshópsins taki við erindum frá verkalýðshreyfingunni og starfsfólki borgarinnar, og setji mál þau sem heyra undir ábyrgðarsvið hans á dagskrá hópsins.



Reykjavík



Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skal skila ábyrgðaraðila skýrslu um störf sín eigi síðar en 1. maí 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn innkaupa- og framkvæmdaráðs dags. 19. júní 2025 um tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis.

Útskrift úr fundargerð borgarstjórnar dags. 30.9.2024.

Umsögn mannauðs- og starfsumhverfissviðs dags. 25. nóv. 2024 um tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis.



Reykjavík